



Nýtt deiliskipulag -Hjólástígur á sunnanverðu Kársnesi

Umhverfissvið óskar heimildar skipulagsráðs Kópavogs að hefja deiliskipulagsvinnu fyrir hjólástíg á sunnanverðu Kársnesi. Brú yfir Fossvoginn og uppbygging á vestanverðu Kársnesi felur í sér aukið vægi stígsins bæði hvað varðar samgöngur og útivist.

Stígurinn er skilgreindur sem stofnleið hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu. Stofnstígar tengja saman sveitarfélög og hverfishluta. Skilgreining og uppbygging stofnstíganets höfuðborgarsvæðisins er hluti af samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Vegagerðin fara með það hlutverk að skipuleggja og framkvæma uppbyggingu stofnstíganetsins.

Ekki er fordæmi fyrir því að vinna deiliskipulag fyrir aðgreiningu og breikkun á stígum í Kópavogi, en það er mat skipulagsdeildar að breikkun og aðgreining stígsins á sunnanverðu Kársnesi sé þess eðlis að vinna þarf deiliskipulag. Það eru mörg sjónarmið sem þarf að taka tillit til við breikkunina sem verður leitast til að ná fram í lögbundnu skipulagsferli. Áhersla verður lögð á að koma á samtali og samráði með málsaðilum, Náttúruvinnustofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og fleiri aðilum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið nái frá mörkum Kársneshafnar að sveitarfélagsmörkum Garðabæjar.



Mynd 1 Drög að afmörkun á skipulagssvæðis




Bakgrunnur

Í janúar 2020 hófst vinna við skilgreiningu stofnhjólanets höfuðborgarsvæðisins. Vinnan er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga sem var undirritaður í lok september 2019 sem felur í sér sameiginlega stefnu í uppbyggingu samgönguinnviða til fimmtán ára (2019 -2033), þ.á.m. innviða fyrir hjólreiðar. Skipaður var vinnuhópur með fulltrúum frá sveitafélögunum á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni. Svæðisskipulagsstjóri SSH hafði aðkomu að fundunum og verkfræðistofan Efla veitti ráðgjöf.

Markmið verkefnis var að:

- ákveða hvaða innviðir (stígar og aðrar lausnir) verða byggðir á næstu 15 árum með fjármagni úr sáttmálanum.
- raða völdum framkvæmdum í forgang sem ræðst af mikilvægi leiðanna.
- áætla hönnunar- og framkvæmdakostnað fyrir hverja leið eða legg.

Stofnleiðirnar sem sýndir eru á hjólaleiðaneti höfuðborgarsvæðisins eru þær leiðir sem teljast ákjósanlegastar sem stofnleiðir.




Mynd 2 . Hjólastígur á sunnanverðu Kársnesi er skilgreindur sem stofnstígur í hjólaneti höfuðborgarsvæðisins (sjá kortið í fullri upplausn í viðauka A)



Hópurinn vann einnig að forgangsörðun einstakra uppbyggingarverkefna á leiðarnetinu. Ákvörðunin um forgangsframkvæmdir á stofnleiðakerfinu byggir á eftirfarandi þáttum:

- Framtíðarsýn sveitarfélaganna á uppbyggingu hjólaleiða og -stíga innan sveitarfélagsins.
- Uppbyggingu á samgönguleiðum, þ.e. stofnleiðum sem flytja fólk til og frá vinnu eða skóla.
- Umferðartalningum á fjölda hjólandi frá 2019, bæði úr föstu hjólateljurunum og frá talningum sem fóru fram með færanlegum teljurum í september sama ár.
- Uppbyggingu Borgarlínu.
- Heildarmynd hjólaleiðanetsins þar sem markmikið er að tengja saman þá hjólastíga sem nú þegar eru aðskildir frá gangandi umferð.



Mynd 3 Hjólastígur á sunnanverður Kársnesi er í forgangi (sjá kortið í fullri upplausn í viðauka A)

Nánar er hægt að lesa um verkefnið á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðisins

[SSH - Stofnhjólanet](#)



Aðalskipulagstillaga Kópavogs 2019 -2040

Í tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 eru sett fram margvísleg markmið og leiðir um breyttar ferðavenjur og uppbyggingu innviða fyrir vistvænni ferðamáta. Stofnstíganet hjólréiða er skilgreint í aðalskipulagstillögu þar sem gert ráð fyrir stofnstíg með aðgreindum hjóla- og göngustíg á sunnanverðu Kársnesi.

Markmið aðalskipulagstillögu eru m.a.

- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum og möguleikar fólks til að velja á milli einkabílsins og annars ferðamáta auknir. Um leið verði reynt að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið í samræmi við heimsmarkmið 9.1. um jafnt aðgengi að sjálfbærum og sveigjanlegum innviðum.
- Gæði innviða fyrir vistvænni ferðamáta verða aukin og reynt að samþætta þá, hvort sem um er að ræða aðstöðu gangandi, hlaupandi, hjólandi vegfarenda eða notenda almenningssamgangna.
- Að bjóða upp á fjölbreytta og vistvæna ferðamáta á öruggan hátt fyrir alla vegfarendur með hliðsjón af heilsu manna og vistkerfisins án þess að ganga á tækifæri komandi kynslóða í samræmi við heimsmarkmið 11.2 um að allir geti ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum.
- Við uppbyggingu á samgöngumannvirkjum verði gert ráð fyrir sérstökum stígum fyrir hjólréiðamenn.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða og hjóla- og göngustígar verði aðskildir á stofnleiðum




Mynd 4 Aðalskipulag Kópavogs gerir ráð fyrir stofnstíg á sunnanverðu Kársnesi



Frumathugun á legu og útfærslu hjólastígs á sunnanverðu Kársnesi

Í frumathugun á útfærslu og legu stígsins er m.a. gert ráð fyrir því að stígurinn verði breikkaður til suðurs. Lóðir og garðar liggja nærri núverandi göngustíg og er þ.a.l. ekki mögulegt að breikka eða tvöfalda stíg til norðurs að lóðum.

Færsla á grjótvörn er erfið í framkvæmd og mun valda miklu raski á fjöru og friðlýstu svæði. Þar sem ekki er pláss fyrir að breikka stíginn á milli lóða og grjótfyllingu er gert ráð fyrir að göngustígur verði á brú eða bryggju.



Mynd 5 Snið þar sem gert er ráð fyrir göngubryggju á timburstólpum yfir flæðarmálinu



Viðauki A Stofnleiðanet 2020-2033 (6 yfirlitskort)

Viðauki B Tillaga að forgangsröðun uppbyggingar